

ÁRSSKÝRSLA HÆÐARBÓLS VEGNA SKÓLAÁRSINS 2015-2016



September 2016
Sigurborg Kristjánsdóttir,
leikskólastjóri

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 skal leikskólastjóri gefa út ársskýrslu byggða á starfsmati skólustarfs liðins starfsárs. Einnig kemur fram í lögnum að foreldraráð skuli yfirfara matið og gefa umsagnir um það til leikskólans og leikskólanefndar.

Stoðir í þessari skýrslu eru unnar út frá matsfundum um innrastarfið sem haldnir voru með öllu starfsfólki á deildum í lok maí og á fagfundum með öllum kennurum með fagmenntun í júní. Auk þessa eru stoðir í skýrslunni sóttar til starfsmannaviðtala sem tekin voru í mars og apríl, til matskýrslna stjórnenda deilda, til foreldraviðtala og könnunar meðal starfsmanna um viðhorf til leikskólans, uppeldis og menntunar, símenntunar og undirbúningstíma, sem Skólapúlsinn gerði fyrir hönd Garðabæjar.

Tölulegar upplýsingar

Barnahópurinn. Í desember 2015 voru 58 börn í leikskólanum, þar af voru 30 drengir og 28 stúlkur. Barnafjöldinn skiptist á 3 deildar, 17 börn á aldrinum 18 mánaða til þriggja ára á Víðiseli, 21 barn á aldrinum þriggja til fjögurra ára á Furuseli og 20 börn á aldrinum fjögurra til fimm ára á Birkisel. Útseldir dvalartímar voru 476 tímar, barngildin 72, deildargildin 599 og deildarígildin 3,36.

Sérkennsla. Sex börn voru tvítyngd frá fimm löndum. Tvö börn voru með skilgreinda greiningu vegna frávíks í þroska og fimmtán börn fengu stuðning vegna minniháttar frávíks svo sem málþroska, félagsfærni, gróf- og fínhreyfiproska og hegðunarferfiðleika.


Starfsmannahópurinn. Leikskólinn var ríkur af mannauði síðasta starfár. Stöðugildin voru 17,69, þar af voru 9,14% með uppeldismenntun og 1,8 með aðra háskólamenntun. Fyrir utan starfsfólk í eldhúsi voru 5,35 stöðugildi leiðbeinanda.

Í niðurstöðum Skólapúlsins varðandi viðhorf til skólans kom fram að starfsánægjan, starfsandinn, stjórnunin og starfsaðstaðan væri betri en fyrir tveimur árum þegar könnunin var gerð. Samkvæmt niðurstöðunum hefur ánægjan varðandi þessa þætti vaxið og er komin nokkrum stigum yfir landsmeðaltal sem er jákvæð niðurstaða fyrir stjórnendur skólans. Sömu sögu er að segja varðandi uppeldi og menntun. Þættirnir sem þar voru mældir tóku til sjálfsmyndar starfsmanna og trú þeirra og getu við uppeldi og menntun, daglegt skipulag, jöfnuð í samstarfi, virkar samræður um starfið og við foreldra og voru þessar niðurstöður nokkrum punktum ofar en síðasta könnun og flestir punktar á pari eða yfir landsmeðaltal sem líka er jákvætt fyrir stjórnunarteymi leikskólans. Þessar niðurstöður tónuðu vel við niðurstöður starfsmannaviðtala.

Sí- og endurmenntun. Fjölbreytt símenntun var í boði á síðasta starfsári. Menntanefnd Kragans, Garðabæjar, menntastofnanir og önnur félagasamtök stóðu fyrir fjölbreyttum námskeiðum fyrir alla starfshópa innan leikskólanna og nýttu starfsmenn leikskólans þau ágætlega. Einnig voru námskeið og fyrirlestrar haldnir í leikskólanum á skipulagsdögum og á starfsmannafundum. Kennarar voru spurðir í starfsmannakönnuninni hvort þeir hafi haft tækifæri til að sækja sér endurmenntun til þess að viðhalda fagmenntun og starfsþroska sínum og svöruðu flestir á þann vega að þeir hafi haft tækifæri til að viðhalda og bæta við þekkingu sína, getað sótt námskeið sem þeir þurftu á að halda starfans vegna og sögðu að símenntunin sem þeir sóttu hafi nýst þeim vel í starfi.

Uppeldi til ábyrgðar

Á síðasta ári var haldið áfram að þróa starfshætti uppeldisstefnunnar *Uppeldi til ábyrgðar*. Stefnan er búin að vera leiðarljós í tólf ár og áhrif starfshátta má finna í skólamenningu leikskólans en flest allir kennarar leikskólans hafa sótt lengri námskeið til þess að tileinka sér aðferðirnar. Börnin á deildunum gera sáttmála á hverju haust um reglur sem þau treysta sér til að styðjast við í skólastarfinu og má sjá einn slíkan sáttmála á myndinni hér til hliðar.




Á veggjum deilda má líka sjá hjálparsetningar sem leið til að tryggja samhæfða orðræðu og starfshætti á deildum. Kennarar nýttu sér samræðuaðferð heimspekinnar þegar þeir unnu með þarfirnar í Uppbyggingarstefnunni og er það mat innviða skólasamfélagsins að uppeldisstefnan falli vel að skólastarfinu en kennarar segja þó að þeir þurfi ávallt að vera á tánum til þess að viðhalda sýninni.

Lýðræði

Að vinna markvisst með lýðræðið í skólastarfinu er orðin hefð í skólastarfinu og felst í að hlusta á raddir barnanna og gera þær sýnilegrar í skólastarfinu. Í upphafi skólaárs setja börnin fram óskir sem settar eru fram á óskalista. Óskirnar rætast síðan eftir því sem líður á skólaárið, þau eru hvött til að vinna saman og leita sameiginlegra lausna, þeim er gefinn kostur á að velja sér verkefni og aðferðir til að vinna að verkefnum sínum. Þessar leiðir færa börnunum tækifæri til að hafa áhrif á leikskólastarfið sem er í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna til að auka lýðræði ungra barna. Á síðasta starfsári var börnum boðið að vera með samverustund sem fólst í því að þau undirbjuggu stundina heima með foreldrum og sögðu frá og sýndu eða léku í samverustundinni. Elstu börnin tóku þátt í að skipuleggja íþróttatímana í Mýrinni með nemendum FG á íþróttabraut, þau kusu eða völdu matseðil einstakra daga, völdu hvort þau vildu leika inni eða úti o.s.frv. Að mati foreldra, barna og kennara var ánægja með þessar leiðir í starfinu.

Stærðfræði



Unnið var með stærðfræði í tveimur sex vikna lotum. Þótt svo stærðfræðin hríslist inn í aðra námsþætti var unnið kerfisbundið með undirstöðu þætti hennar. Farið var í talnaskilning, form, stærðir, mynstur, tölutákn og einföld reiknisdæmi. Kubbar og stærðfræðispil voru nýtt til að ná fram stærðfræðiskilningi. Börnin gerðu ýmsar kannanir eins og að telja og flokka hluti sem þau

fundu í umhverfinu. Einnig gerðu þau könnun á uppáhaldsmatnum og settu upp í súlurit o.s.frv. Með því lærðu þau um hugtökin fleiri/ færri, jafn margir, minni og stærrir og efstur og neðstur svo eitthvað sé nefnt. Eins og með lestrarlæsið var námsefnið aðlagð hverjum aldurshópi fyrir sig. Helsta markmiðið með stærðfræðináminu á Birkiseli er að styrkja stoðir barnanna til að takast á við grunnskólanámið. Börnunum þótti gaman í stærðfræðitímunum og sáu kennarar framfarir í stærðfræðilæsi barnanna. Margir foreldrar hafa lýst yfir ánægju sinni með stærðfræðikennsluna sem og kennurum sem telja þessa nálgun í kennsluháttum skilvirka.



Útikennsla og vísindi

Útikennsla er hugtak sem notað er yfir skipulagt nám barna út í náttúrunni og hríslast inn í alla námsþættina. Börnin læra að bera virðingu fyrir umhverfi sínu þegar þau fara í gönguferðir, læra að umgangast náttúruna og margbreytileika hennar af virðingu. Þau læra að lesa í veðrið og mikilvægi þess að klæða sig í samræmi við það. Þau læra um formin í náttúrunni og umhverfinu, umferðareglurnar, að telja, um litina og svo lengi mætti telja.

Allt þetta hafa börnin á Hæðarbóli verðið að sýsla með kennurum sínum á síðasta starfsári auk þess sem börnin á Birkiseli hafa einstaka sinnum nýtt vísindaskúrinn til þess að gera tilraunir og rannsaka hin ýmsu náttúrufrýrbrigði. Eins og árin á undan þá tóku öll börnin í leikskólanum þátt í samfélagsverkefni um að hirða sitt nánasta umhverfi. Í raun eru verkefni út í náttúrunni óþrjótandi auk þess sem börnin fá góða hreyfingu þegar þau ganga um næsta nágrenni og læra á samfélagið sem þau eiga heima í. Mat kennara var að börnin sýndu útikennslunni mikinn áhuga en kennarar töldu þó að þeir gætu samþættað kennsluna betur lestri og stærðfræði. Þá var mat kennara að skúrinn sem leikskólinn hefur haft til afnota væri óaðlaðandi og verður því vísindakennsla sem áður fór fram í skúrnum færð inn á deildir eða unnin úti.

Sköpun og menning



Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín segir í Aðalnámskrá leikskólans. Í leikskólanum höfðu börnin tækifæri til sköpunar þegar þau völdu sér listakrók þar sem fjölbreyttur efniviður er aðgengilegur. Sköpunin er ekki eingöngu bundin við listakrók því það fer fram mikil sköpun á kubbasvæði

(einingarkubbar, lego, smellukubbar o.s.frv.), í sandkassanum, á útisvæðinu þegar þau búa sér til eigin leiki og í vettvangsferðum og í hópastarfi og í raun í öllu leikskólastarfinu. Á síðasta starfsári tóku börnin á Hæðarbóli þátt í Listadögum Garðabæjar en framlag kennaranna til daganna var að halda sýningu á opnu húsi þar sem listaverkum barnanna voru sett upp auk þess sem þau settu upp sýningu við Ásgarð á verkum sem þau unnu sérstaklega í tengslum við dagana. Í tengslum við listadagana þá héldu börnin með kennurum sínum örtónleika á nokkrum opinberum stöðum í sveitarfélaginu og vöktu tónleikarnir mikla lukku. Heilt yfir var það samdóma álit kennara að sköpun skipar stóran sess í starfi leikskólans en foreldrar



voru ekki eins sammála og fannst þeim skorta á frekari listsköpun í starfinu. Þeir beittu sér fyrir því að fá kennara til þess að vinna betur að þessum málum með leikskólanum en kostnaðurinn var félaginu ofviða og því varð ekkert úr stuðningnum sem þeir vildu veita kennurum leikskólans.

Hefðirnar í leikskólanum hafa skipað veglegan sess í skólastarfinu. Á föstudögum eru ávallt söngstundir þar sem öll börn leikskólans



koma saman og syngja og skiptast deildir á að bera ábyrgð á söngstundum. Við þessi tækifæri koma börnin fram og kynna bæði sig og lagið sem flutt er. Auk þessa voru margar uppákomur í sal tengdar hefðum þar sem börnin ýmist settu upp leikrit, voru með frumsamda dansa, sungu í kórum o.s.frv. Börnin sýndu

Mat á starfsáætlun 2015-2016

Í starfsáætlun síðasta starfsárs var lagt upp með að efla *upplýsingamiðlun um uppeldi og kennslu* með því að taka í notkun lokaða Facebook síðu hvorrar deildar fyrir sig. Áður hafði leiðin verið kynnt fyrir foreldrum á foreldrafundi og í upphafsviðtölum við foreldra nýrra barna. Áætlunin gekk eftir og í dag eru allflestir foreldrar vinir deildanna sem börn þeirra eru dvelja á og almenn ánægja er með upplýsingamiðlunina. Að endurskoða heimasíðuna og uppfæra efnistöð var einn verkþátturinn sem var ákveðið að hrinda úr vör og gekk verkið. Að *uppfæra heimasíðuna* er verkefni sem tekur aldrei enda er hún er lifandi eins og *skólanámskráin okkar sem var líka endurskoðuð* og er komin í drög en ekki tókst að gefa hana út á starfsárinu. Á haustmánuðum verður námskráin komin á netið og breytingar á heimasíðunni verða gerðar í takt við áherslur endurskoðaðrar skólanámskrár. Aðlögunarferlar fyrir ný börn og börn sem fara á milli deilda voru unnir í nánu samstarfi við rýnihóp foreldra og voru gefnir út í mars á árinu. Hins vegar ákvað leikskólastóri að fresta vinnu við þróun ferla um flutning milli skólalista þar sem skóladeild ákvað að bjóða fimm ára börn dvöl í frístund viku fyrir upphaf skólagöngu en sú vinna verður í þróunaráætlun fræðsluviðs á næsta ári.

Mat á nýbreytniverkefnum 2015-2016

Ráðist var í þrjú nýbreytniverkefni á síðasta ári. Hið fyrsta var *þróunarverkefni um aukna þátttöku í ákvörðunum og verkefnum* og fékk leikskólinn styrk til innleiðingarinnar. Verkefnið tókst með ágætum og stóðust allar tímasetningar varðandi símat. Niðurstöður verkefnisins voru kynntar m.a. á kynningarfundum með foreldrum og á leikskóladögum Reykjavíkurborgar við góðan orðstýr. Annað verkefnið var samstarf við RannUng um mat á námi og velferð barna. Það tók langan tíma að hrinda verkefninu úr vör en það tókst að lokum á vormánuðum þegar verkferlar voru formúleraðir á samstarfsfundum með starfsmönnum RannUng. Verkefninu verður haldið áfram á næsta ári. Þriðja og síðasta nýbreytniverkefnið var samstarf við FG um íþróttakennslu tveggja elstu árganga leikskólans. Verkefnið gekk vel og voru kennarar og nemendur beggja skólastiganna sammála um árangur þess og verður verkefnið þróað áfram á næsta skólaár.

Lokaorð

Það má segja að skólaárið á síðasta ári hafi markað ákveðin tímamót þegar nýr leikskólastjóri tók við stjórnun leikskólans en áður hafði Ingibjörg Gunnarsdóttir stýrt farsællega fag- og rekstrarlegu starfi frá opnun hans 1993. Árið sem þessi skýrsla tekur til var nýr leikskólastjóri að fóta sig í nýju starfsumhverfi og því má segja að skólabragurinn hafi ekki breyst mikið heldur haldið í hefðirnar. Það er ótrúlega mikill metnaður meðal kennara að gera ávallt betur í dag en í gær og ber allt fagstarfið þess merki. Samstarf við skóladeild var með ágætum sem og aðra samstarfsaðila bæjarfélagsins. Ég vona að skýrslan gefi innsýn inn í starfið sem unnið var í leikskólanum á síðasta starfsári.

Garðabær í september 2016

Sigurborg Kristhjánsdóttir

Skóladagatal leikskólans Hæðarbóls 2016 - 2017

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1. M	Friðdagur verulýðsáttunnanna	1. F	Freðskilningur fyrir ferðisáttunni 2010	1. L		1. Þ		1. S	Nýársdagur	1. M		1. M		1. M	Almeili Hæðarbóls Óskudagur	1. L	Dagur einhverfunnar	1. M	Verulýðsdagurinn	1. F	
2. Þ		2. F		2. S		2. M		2. M		2. Þ		2. F		2. F		2. S	Dagur barna- bókarnar	2. Þ		2. F	
3. M		3. L		3. M		3. Þ		3. Þ		3. M		3. F	Dagur stærðfræðinnar	3. F		3. M	Börn koma með bók í sk. í tilfinni af dag bókarnar	3. M		3. L	
4. F		4. S		4. Þ		4. M		4. M		4. Þ		4. L		4. L		4. M		4. Þ		4. S	Höfnunumud / Sjómanna.
5. F		5. M	Foreldraþingning á starfi Birkisels	5. M		5. L		5. F		5. S		5. S		5. S		5. S		5. F		5. M	Annar í Höfnunum
6. L		6. Þ	Foreldraþingning á starfi Furusels	6. F		6. S		6. F	Þrettándinn	6. F		6. M	Dagur leikskólans / Ljósangna	6. M		6. M		6. L		6. Þ	
7. S		7. M	Foreldraþingning á starfi Vídísels	7. F		7. M		7. L		7. L		7. Þ		7. Þ	Foreldraþingning þessa vikuna á Vídíselli	7. Þ		7. S		7. M	
8. M		8. F	Dagur læsis	8. L		8. Þ	Baráttudagur gegn einelti	8. F		8. S		8. M		8. M		8. M		8. L		8. F	
9. Þ		9. F		9. S		9. M		9. F		9. M		9. F		9. F		9. F	Þámasumudagur	9. Þ		9. F	Þróttadagur
10. M		10. L		10. M		10. Þ		10. L		10. Þ		10. F		10. F		10. F		10. M		10. L	
11. F		11. S		11. Þ		11. M		11. S		11. M		11. L		11. L		11. L		11. Þ		11. S	
12. F		12. M	Förvarnaryfirlit vikunnar verður fjallað um líkamann og hevnig við seigjum börnum mikið um einhættadól hans	12. M		12. L		12. F		12. F		12. S		12. S		12. S		12. M	Hjóladaður	12. M	
13. L		13. Þ		13. F		13. S		13. F	Jólaball	13. F	Náttfataball	13. M	Tannverndar vilka sem heigðu veður freðsku um tannheilsu barna.	13. M	Foreldraþingning þessa vikuna á Furuselli	13. F	Skírdagur	13. L		13. Þ	
14. S		14. M		14. F		14. M		14. L		14. L		14. Þ	Þessu daginn 17. febrúar verður móttöku- og önnuðskati	14. Þ		14. F	Þjósdagurinn langi	14. S		14. M	
15. M	Aðlögun	15. F		15. L		15. Þ		15. F		15. S		15. M		15. M		15. L		15. M		15. F	
16. Þ	Aðlögun	16. F	Leiksk. lokaður skipulagsdagur	16. S		16. M		16. F		16. M		16. F		16. F		16. F		16. Þ		16. F	
17. M	Aðlögun	17. L		17. M		17. Þ		17. L		17. Þ		17. F		17. F		17. F		17. M		17. L	Lýðveldis dagurinn
18. F	Aðlögun	18. S		18. Þ		18. M		18. S		18. M		18. L		18. L		18. L		18. F		18. S	
19. F	Aðlögun	19. M		19. M		19. L		19. F		19. M		19. F	Konudagur	19. S		19. S		19. F		19. M	
20. L		20. Þ		20. F		20. S		20. Þ		20. F	Þoraklúf / Morgun með þakka og afa	20. M		20. M		20. M		20. L		20. Þ	
21. S		21. M		21. L		21. M		21. L		21. L		21. Þ		21. L	Foreldraþingning þessa vikuna á Birkiselli	21. Þ	Sunnudagurinn fyrsti	21. S		21. M	
22. M		22. F		22. M		22. Þ		22. S		22. S		22. M	Vetrarfrí í grunnskólum Garðabæjar	22. M		22. M		22. M		22. F	
23. Þ		23. F		23. S		23. M		23. M		23. M		23. F		23. F		23. F		23. Þ	Útskrift og útskr. ferðalag	23. F	
24. M		24. L		24. M		24. F		24. M		24. F		24. L		24. F		24. F		24. M	Leiksk. lokaður v/ámsferðar	24. L	
25. F		25. S		25. Þ		25. M		25. L		25. M		25. L		25. L		25. L		25. Þ	Útskrift og útskr. ferðalag	25. S	
26. F		26. M		26. L		26. M		26. F		26. F		26. S		26. S		26. S		26. M	Leiksk. lokaður skipulagsdagur	26. M	
27. L		27. M		27. F		27. M		27. L		27. M		27. F		27. M		27. M		27. L		27. F	
28. S		28. M		28. F		28. M		28. L		28. L		28. Þ		28. L		28. L		28. Þ		28. M	
29. M		29. F		29. M		29. Þ		29. S		29. S		29. M		29. M		29. M		29. Þ		29. F	
30. Þ		30. F		30. S		30. M		30. F		30. M		30. L		30. M		30. M		30. Þ		30. F	
31. M				31. M		31. L	Gamliársdagur	31. L		31. Þ		31. F		31. F		31. F		31. M		31. M	

Hafa ber í huga að alburðir sem skráðir eru á dagatalið er starfsáætlun sem reynt verður að fylgja eftir að fylgja eftir af fremsta megni en það þarf einnig að hafa í huga að viðburðir geta auðveldlega raskast í takt við breytilegt leikskólastarf. Einn atburðir sem eru fastir í hendi eru skipulagsdagur sem samþykktir eru af leikskólamefn Garðabæjar

Dags. 12. september 2016

Efni: Ársskýrsla Hæðarbóls vegna skólaársins 2015-2016

Foreldraráð Hæðarbóls hefur farið yfir ársskýrslu Hæðarbóls vegna skólaársins 2015-2016 og sér ráðið ekki ástæðu til að gera athugasemdir við skýsluna. Fulltrúum foreldraráðs þykir ársskýrslan vera skýr og skipulega framsett og segja vel frá því góða og skemmtilega starfi sem fram fer í leikskólanum.

Með vinsemd,
F.h. foreldraráðs Hæðarbóls
Helga Margrét Pálsdóttir

Helga M. Pálsdóttir